

Erindi til sveitarstjórnar vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum - lengri frestur

Frá : Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <anna.g.olafsdottir@irn.is>
CC : eything@eything.is <eything@eything.is>;fv@vestfiridir.is <fv@vestfiridir.is>;bjarni@sudurland.is <bjarni@sudurland.is>;ssa@ssa.is <ssa@ssa.is>;ssh@ssh.is <ssh@ssh.is>;ssnv@ssnv.is <ssnv@ssnv.is>;sss@sss.is <sss@sss.is>;ssv@ssv.is <ssv@ssv.is>;karl.bjornsson@samband.is <karl.bjornsson@samband.is>;Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>;Ester Anna Ármannsdóttir <ester.armannsdottir@irn.is>;Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn.thorsteinsson@irn.is>;Ragnhildur Hjaltadóttir <ragnhildur.hjaltadottir@irn.is>;Anna Guðmunda Ingvarsdóttir <anna.ingvarsdottir@irn.is>
Heiti : Erindi til sveitarstjórnar vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum - lengri frestur
Málsnúmer : 2206034
Málsaðili : Innviðaráðuneytið
Skráð dags : 23.06.2022 00:00:00
Höfundur : Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <anna.g.olafsdottir@irn.is>

[Ágæta sveitarstjórn.](#)

Innviðaráðuneytið óskaði eftir [innleggi](#) frá sveitarstjórnnum inn í stefnumótandi áætlanir ríkisins á sviði sveitarfélaga, skipulags- og húsnæðismála með tölvupósti þann 20. júní síðastliðinn, sbr. tölvupóst að neðan. Þess var farið á leit að innleggið yrði fært inn í þar til gert rafrænt eyðublað og sent ráðuneytinu eigi síðar en **11. júlí næstkomandi**.

Í framhaldi af ábendingum nokkurra sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að frestur sveitarfélaganna til þess að fylla út eyðublaðið væri of skammur hefur ráðuneytið ákveðið að lengja frestinn til **31. júlí næstkomandi**.

Ítrekað er að umfjöllunin byggi á tiltækum upplýsingum. [Þá verður ekki vitnað í einstaka svör í grænbókunum heldur litið á innlegg frá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem verðmætan þátt í því að draga fram heildarmynd um stöðu og lykilviðfangsefni sveitarstjórnarstigsins.](#)

Með sama hætti er athygli sveitarstjórna vakin á því að í kjölfar grænbókar verður efnt til víðtæks samráðs um stefnumótun við sveitarstjórnir og íbúa með fundarröð um landið allt í haust. Þar gefst öllum hlutaðeigandi gott tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum í málaflokkunum þremur á framfæri inn í endanlega stefnumótun.

Vakin er athygli á því að sérfræðingar ráðuneytisins eru boðnir og búnir að svara spurningum sveitarstjórna og/eða starfsmanna sveitarfélaga um útfyllingu eyðublaðsins ef á þarf að halda. Hægt er að hafa samband með því að svara þessum pósti eða senda erindi til ráðuneytisins í gegnum netfangið irn@irn.is.

Virðingarfyllst,

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.im.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir

Sent: mánudagur, 20. júní 2022 16:13

Afrit: Ester Anna Ármannsdóttir ; Anna Guðmunda Ingvarsdóttir ; Aðalsteinn Þorsteinsson ;
'karl.bjornsson@samband.is'

Efni: Erindi til sveitarstjórnar vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum

Ágæta sveitarstjórn.

[Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga 2019-2033 og Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) ásamt því að móta [nýja húsnæðisstefnu](#). Með hliðsjón af samþættingu áætlana innan ráðuneytisins fer gagnaöflun að hluta til fram sameiginlega vegna þessara þriggja áætlana.

Hér með er þess farið á leit að sveitarstjórnin veiti upplýsingar inn í svokallaðar grænþækur í málaflokkunum þremur með því að svara færa innlegg inn í þar til gert eyðublað á síðu stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/> eigi síðar en mánudaginn 11. júlí. Eftir að notandi hefur skráð sig inn á vefinn, þarf hann/hún að velja valmöguleikann **Eyðublað** við tilheyrandi táknmynd efst á vefsvæðinu, síðan **Innviðaráðuneyti**,

Upplýsingagjöf og að lokum [Innlegg sveitarfélaga](#) til að nálgast eyðublaðið.

Grænbókum er ætlað að leggja grunn að stöðumati helstu [lögbundinna verkefna](#) og annarra helstu viðfangsefna sveitarfélagsins, greiningu áskorana, valkosta og tækifæra í uppfærslu stefnumótunar stjórnvalda á þessum sviðum.

Athygli er vakin á því að ekki verður vitnað í einstaka svör í grænbókunum heldur er litið á innlegg frá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem verðmætan þátt í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins á þessum sviðum.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð og hnitmiðuð, byggist á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins í málaflokkunum.

Virðingarfyllst,

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.im.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing